

Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 14. desember 2017 - R17120013

	Fundargerðir:	
R17010024	Fundargerð 80. fundar SSH frá 8.12.'17.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R17090167	Fundargerð aðalfundar SSH 2017 frá 3.11.'17.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R17010031	Fundargerð 163. fundar Faxaflóahafna frá 8.12.'17.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
	Annað:	
R17010233	Afbrotatölfræði nóvember 2017	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R17080085	Erindi SSH vegna vaxtarmarka innan Mosfellsbæjar, dags. 12.12.1'17.	Sent umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.
R17110179	Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, dags. 30.11.'17, um húsnæði fyrir heimilislausa í Víðinesí.	Sent velferðarsviði til meðferðar.
R17110178	Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, dags. 30.11.'17 um úrbætur í þágu heimilislauss fólks.	Sent umhverfis- og skipulagssviði, velferðarsviði og íþróttá- og tómstundasviði til umsagnar.



Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Fundargerð

80. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 8. desember 2017 kl. 15:00 á skrifstofu Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, Reykjavík.

Mættir:

Reykjavík:

Hjálmar Sveinsson og Halldór Halldórsson

Kópavogsbær:

Hreiðar Oddson

Hafnarfjarðarbær:

Borghildur Sturludóttir og Eva Lín Vilhjálmssdóttir

Garðabær:

Steinþór Einarsson

Mosfellsbær:

Bryndís Haraldsdóttir

Seltjarnarnesbær:

Stefán Bergmann

Kjósarhreppur:

G. Oddur Víðison

Ása Richardsdóttir, Sigurður Guðmundsson, Ólafur Ingi Óskarsson og Bjarni Torfi Álfþórsson boðuðu forföll.

Einnig sátu fundinn fulltrúar fagráðs þeir Haraldur Sigurðsson, Arinbjörn Vilhjálmsson og Ólafur Melsted.

Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins ritaði fundargerð.

Formaður, Hjálmar Sveinsson, setti fund og stýrði.

1. Aðalskipulag Reykjavíkur: Efnisvinnsla við Álfnesvík, verklýsing /málsnr. 1710007

Lögð fram til umsagnar sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Málinu var frestað á síðasta fundi og vísað til umfjöllunar í fagráði. Nú liggur fyrir umsögn Skipulagsstofnunar um að skilgreina beri fyrirhugað svæði undir starfsemi Björgunar sem iðnaðarsvæði enda um viðamikla starfsemi að ræða sem kallar á uppbyggingu mannvirkja sem háðar eru byggingarleyfi. Skipulagsstofnun bendir jafnframt á að fyrirhugað svæði við Álfnesvík sé utan vaxtamarka svæðisskipulags og því kalli breytingin á aðalskipulagi Reykjavíkur á breytingu á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040 og því afstaða svæðisskipulagsnefndar til fyrirhugaðrar skipulagsáforma að liggja fyrir áður en lengra er haldið.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd tekur undir með Skipulagsstofnun að eðli og umfang þeirrar starfsemi sem fylgir Björgun sé þess eðlis að fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi kalli á breytingu á svæðisskiplaginu.

2. Svæðisskipulagið Höfuðborgarsvæðið 2040: Vaxtamörk í landi Reykjavíkur, verklýsing /málsnr. 1712001

Í tengslum við mál 1710007, breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur vegna efnisvinnslu við Álfsnesvík, er lögð fram verkefnislýsing að breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins sbr. 1. mgr. 23. gr.

Alta ráðgjöf hefur tekið saman drög að verkefnislýsing og kynnti Hrafnhildur Brynjólfssdóttir skipulagsfræðingur þau. Í verkefnislýsingunni kemur fram að unnið hefur verið kostamat en jafnframt opnað á að fleiri mögulegir kostir kunna að vera skoðaðir í skipulagsvinnunni. Gert er ráð fyrir að drög að tillögu liggi fyrir vorið 2018.

Svæðisskipulagsstjóri útlistaði efnistökuastaði Björgunar í Hvalfirði, Kollafirði og Faxaflóa. Í gildi eru fjögur leyfi sem Orkustofnun gefur út enda svæðin utan netlaga. Leyfin renna öll út árið 2019. Hafin er undirbúningur að endurnýjun leyfa og er sú vinna háð umhverfismati framkvæmda.

Kjósarhreppur vekur athygli á að starfsemi þess fyrirtækis sem ætlað er að koma fyrir í Álfsnesvík á Álfsnesi, byggir m.a. á töluverðri efnistöku úr Hvalfirði. Þó svo að efnistökusvæði fyrirtækisins í Hvalfirði sé skilgreint utan netlaga, þá liggur það fyrir, að gengið er á efni undan landi í Kjósarhreppi.

Skipulagsnefnd Mosfellsbæjar kallar eftir að farið verði í heildstæða úttekt á fjölda og eðli þeirra athafna- og iðnaðarsvæða sem eru innan vaxtarmarka á höfuðborgarsvæðinu áður en ráðist verður í breytingar á svæðisskipulaginu vegna framtíðarstaðsetningar Björgunar í Álfsnesi.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd leggur til við aðildarsveitarfélögin að afgreiða verkefnislýsinguna til kynningar og umsagnar, sbr. 1. mgr. 23. gr. skipulagslaga og 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlana. Svæðisskipulagsstjóra er falið að kalla eftir gögnum um skipulögð iðnaðar- og athafnasvæði hjá sveitarfélögunum og að hafin verði úttekt á framboði atvinnu- og iðnaðarlóða með áherslu á landþörf til næstu ára. Niðurstaða þeirra úttektar verður hluti af þeirri skipulagsvinnu sem framundan er.

3. Aðalskipulag Reykjavíkur: Gufunes, tillaga á vinnslustigi /málsnr. 1707003

Lögð fram til umsagnar sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Í umsögn svæðisskipulagsnefndar við verkefnislýsingu sem fjallað var um á fundi nefndarinnar 8. september 2017 benti nefndin á að óbreyttu væri ekki unnt að skilgreina Gufunessvæðið sem samgöngumiðað svæði í samhengi við svæðisskipulagið. Tekið hefur verið tillit til þeirrar umsagnar í móttun vinnslutillögu.

Í vinnslutillögunni er gert ráð fyrir breyttri landnotkun á NA hluti svæðisins þannig að hluti reits H5/14 (iðnaðarsvæði) og OP8 (opið svæði) verði skilgreint sem miðsvæði. Einkum er gert ráð fyrir starfsemi á sviði kvikmynd- og afþreyingariðnaðar auk íbúða. Jafnframt verður skilgreindur strandstígur frá bryggjussvæði og austur með ströndinni.

Í svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040 er Gufunessvæðið merkt sem þéttbýli án frekari skilgreiningar á landnotkun. Í svæðisskipulaginu er einnig sett fram stefna um strandstíg allstaðar þar sem því er viðkomið.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við vinnslutillöguna enda er hún í samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.

4. **Skerjafjörður: Forsögn fyrir rammaskipulag þróunarsvæðis /málsnr. 1711003**
Erindi skipulagssviðs Reykjavíkurborgar lagt fram til kynningar.

5. **Aðalskipulag Garðabæjar: Svör bæjarstjórnar við athugasemdom og umsögnum /málsnr. 1610005**
Lögð fram til kynningar sbr. 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga.

6. **Kynningarefni fyrir Borgarlínu**
Lagt fram. fram. Kynningarefninu verður dreift til sveitarfélagana.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:00.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Aðalfundur SSH 2017

Fundargerð

41. aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

41. aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) var haldinn föstudaginn 3. nóvember 2017 í íþróttamiðstöðinni Kletti í Mosfellsbæ og hófst fundurinn kl. 13:00.

SKRÁNING OG AFHENDING FUNDARGAGNA

Fundargögn:

- Dagskrá fundarins
- Skýrsla stjórnar SSH fyrir liðið starfsár
- Ársreikningur SSH 2016
- Tillaga að árgjaldi aðildarsveitarfélaganna 2018
- Tillaga að kosningu endurskoðenda

Þetta gerðist:

FUNDARSETNING OG KOSNING EMBÆTTISMANNA FUNDARINS

Ármann Kr. Ólafsson, formaður stjórnar SSH, setti fund og og stýrði kjöri fundarstjóra og ritara.

Fundarstjóri var kjörin Bryndís Haraldsdóttir, bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ. Fundarritari var kjörinn Arnar Jónsson, forstöðumaður þjónustu- og samskiptadeildar í Mosfellsbæ.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins, bauð fundarmenn velkomna og kynnti dagskrá fundarins skv. samþykktum.

ALMENN AÐALFUNDARSTÖRF

1. Skýrsla stjórnar um liðið starfsár.

Ármann Kr. Ólafsson, stjórnarformaður SSH, flytur skýrslu stjórnar.

Afgreiðsla: Lagt fram til kynningar

Formaður greindi frá því helsta sem unnið hefur verið á vettvangi SSH frá því að síðasti aðalfundur var haldinn með því að kynna skýrslu stjórnar. Hún fjallaði um helstu verkefni stjórnar og SSH á árinu sem fjallað er um í ársskýrslu SSH sem allir fundarmenn höfðu aðgang að og er vísað í hana¹ og kynningu formanns SSH².

Í kynningu reifaði formaður SSH skýrslu stjórnar sem hefur eftirfarandi kaflaheiti:

- Skipulag- og samgöngur
- Byggðaðþróun og húsnæðismál
- Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins
- Rekstur skíðasvæðanna
- Ferðaþjónustu fatlaðs fólks
- Samstarf velferðasviða
- Samstarf fræðslusviða
- Tímabundnir verkefnahópar

2. Ársreikningur 2016 og fjárhagsáætlun 2018.

Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH fer yfir ársreikning 2016 og kynnir fjárhagsáætlun 2018.

Afgreiðsla: Ársreikningur og fjárhagsáætlun lögð fram til kynningar.

Framkvæmdastjóri SSH fór yfir framlagðan og endurskoðaðan ársreikning fyrir árið 2016 sem lá fyrir í fundargögnum. Helstu niðurstöður eru þessar³:

Rekstrareikningur:

Rekstrartekjur kr. 37.720.607,-
Rekstrargjöld kr. 38.477.460,-
Fjármunatekjur/ gjöld þús. kr. (421.275,-)
Afkoma ársins. kr. 335.578,-

Efnahagsreikningur:

Eignir kr. 40.330.527,-
Eigið fé kr. 13.556.736,-
Skammtímaskuldir kr. 26.773.794,-
Eigið fé og skuldir samtals kr. 40.330.527,-

3. Tillaga um árgjald aðildarsveitarfélaganna 2018.

Stjórn SSH leggur til við aðalfund SSH 3. nóvember 2017 að árgjald aðildarsveitarfélaganna 2018 til samtakanna verði 50 kr. á hvern íbúa.

Afgreiðsla: Samþykkt með þorra atkvæða. Einn á móti

¹ http://ssh.is/images/stories/Adalfundur_SSH/Adalfundur_2017/2017_Arsskyrsla-SSH_adalfundur-2017_v5_2017_11_01.m.pdf

² http://ssh.is/images/stories/Adalfundur_SSH/Adalfundur_2017/2017_SSH_stiklur_i_skyrslu_stjornar_2017_11_03_pg.m.pdf

³ http://ssh.is/images/stories/Adalfundur_SSH/Adalfundur_2017/2017_SSH_fjarhagsaetlun_2018_kynning.m.pdf

Óskað var eftir rökstuðningi fyrir tillögu um hækkun árgjalds á árinu 2018. Ármann Kr. Ólafsson reifaði málið og nefndi m.a. að mörg verkefni væru framundan og stærst þeirra væru samgöngumálin öll, þ.m.t. göngu- og hjólreiðastígar.

Umræður opnaðar um skýrslu stjórnar, ársreikning 2016, fjárhagsáætlun 2018 og fyrirbyggjandi tillögur.

Til máls tóku:

Karen E. Halldórsdóttir, Kópavogi.

4. Kosning endurskoðanda og tveggja skoðunarmanna.

Tillaga kom fram um að skoðunarmenn verði:

Heiða Björg Hilmisdóttir, Reykjavíkurborg og Gunnar Valur Gíslason, Garðabæ.

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða.

Tillaga kom fram um að endurskoðandi verði: KPMG endurskoðun.

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða.

5. Samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu

Lilja Karlsdóttir samgönguverkfræðingur gerði grein fyrir helstu niðurstöðum úr greiningum á stöðu samgöngumannvirkja og helstu álagspunktum umferðar á höfuðborgarsvæðinu og mögulegum leiðum til úrbóta.

Að því loknu fór fram panelumræður með þátttöku fulltrúa SSH og Vegagerðarinnar.

Þátttakendur í panel voru: Lilja Karlsdóttir, Ármann Kr. Ólafsson og Hreinn Haraldsson. Fulltrúi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis boðaði forföll.

Til máls tóku:

Kjartan Magnússon, Reykjavík.

Guðmundur Geirdal, Kópavogi.

Guðjón Bragason, Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Í kjölfar umræðunnar las fundarstjóri upp ályktun um samgöngumál.

Til máls tóku:

Borghildur Sturludóttir, Hafnarfirði.

Dagur B. Eggertsson, Reykjavíkurborg.

Ása Richardsdóttir, Kópavogi.

Eyjólfur Árni Rafnsson, ráðgjafi SSH í málefnum Borgarlínunnar.

Í kjölfarið var tekið kaffihlé og unnið að breytingum á orðalagi til samræmis við umræður um ályktunina.

Breytt ályktun var lesin upp og hljóðar hún svona:

Ályktun aðalfundar SSH 3. nóvember 2017 um samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu

Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vekur athygli nýkjörinna þingmanna á þeim brýnu verkefnum sem blasa við til að bæta úr núverandi ástandi í samgöngum og ástandi samgöngumannvirkja á höfuðborgarsvæðinu.

Í gildandi svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins er gert ráð fyrir að íbúum svæðisins fjölgi um 70 þúsund manns fram til ársins 2040. Markmið svæðisskipulagsins er að þessi fjölgun leiði ekki til samsvarandi aukningar á umferð innan svæðisins. Núverandi ástand stofnbrauta innan svæðisins og óbreyttar ferðavenjur ná ekki að mæta þessu markmiði og þörf er á samstilltum aðgerðum ríkis og sveitarfélaga. Lagfæringar og endurbætur á stofnbrautum til að draga úr töfum og umferðarhnútum, og innleiðing "Borgarlínu" (hraðvagnakerfi) til að auka hlutdeild almenningssamganga eru nauðsynlegar aðgerðir til að breyta núverandi stöðu og til að mæta vaxandi flutningaþörf innan höfuðborgarsvæðisins.

Síðastliðin 2 ár hafa SSH, Vegagerðin og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið unnið að ítarlegri greiningu á ástandi stofnbrautanna og mati á umfangi og kostnaði við nauðsynlegar aðgerðir til að greiða fyrir umferð og koma í veg fyrir síauknar tafir og umferðarhnúta. Á sama tíma hafa sveitarfélögin unnið að undirbúningi að eflingu almenningssamganga, m.a. og ekki síst með undirbúningi að innleiðingu "Borgarlínu" (hraðvagnakerfi) með það að markmiði að skilja að svo sem kostur er almenna umferð og akstur almenningssamganga og auka þannig hlutdeild þeirra í daglegum ferðum fólks inna svæðisins.

Fyrir liggur skýr mynd af þeim brýnu verkefnum sem framundan eru, en framhald máls og árangur mun ekki síst ráðast af því fjármagni sem ríkisvaldið leggur til þessara verkefna á næstu árum.

Fundurinn skorar því á þingmenn að vinna að framgangi þessara verkefna með því að tryggja að í samgönguáætlun næstu 4 ára fái nægjanlegt fjármagn til að takast á við nauðsynlegar aðgerðir, bæði með auknum fjárveitingum til Vegagerðarinnar vegna endurbóta á stofnbrautum og til að tryggja nauðsynlega aðkomu ríkisins að eflingu almenningssamganga með væntanlegri tilkomu "Borgarlínu" (hraðvagnakerfis)."

Fundarstjóri bar ályktunina upp og var hún samþykkt samhljóða.

Ármann Kr. Ólafsson slítur fundi.

Fundi slitið kl. 17:00.

FUNDARSLIT, VEITINGAR Í BOÐI MOSFELLSBÆJAR

Fundarritari

Arnar Jónsson,
forstöðumaður þjónustu- og samskiptadeildar
Mofellsbæjar

Fundur nr. 163

Ár 2017, föstudaginn 8. desember kom stjórn Faxaflóahafna sf. saman til fundar í fundarherbergi hafnarstjórnar í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu og hófst fundurinn kl. 09:00.

Mættir:

Kristín Soffía Jónsdóttir
Þórlaug Ágústsdóttir
Einar Brandsson
Björgvin Helgason
S. Björn Blöndal
Líf Magneudóttir

Varafulltrúi:

Árni Hjörleifsson
Halldór Halldórsson

Áheyrnarfulltrúar:

Þorsteinn F. Friðbjörnsson
Ingibjörg Valdimarsdóttir

Auk þess sátu fundinn: Hildur Gunnlaugsdóttir, skipulagsfulltrúi, Jón Þorvaldsson, aðstoðarhafnarstjóri og Gísli Gíslason, hafnarstjóri, sem jafnframt ritar fundargerð.

1. Gjaldskrármál - tillaga að breytingu á gjaldskrá vegna reglna um móttöku á sorpi.
Gerð var grein fyrir þeim breytingum sem lagðar eru til. Hafnarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að gjaldskrá.
2. Starfsdagur stjórnar.
Samþykkt að halda starfsdag stjórnar 9. febrúar 2018 á Akranesi.
3. Geirsgöturéitur - verbúðir. Hugmynd að samkomulagi við Borgarsögusafn um endurnýjun húsakönnunar á svæðinu.
Hafnarstjórn samþykkir að húsakönnun fyrir verbúðarreitinn við Suðurbugt verði endurnýjuð.
4. Hafnarhúsið - tvær tillögur um útlit og innra skipulag.
Gerð var grein fyrir tveimur hugmyndum að útliti og innra skipulagi Hafnarhússins.
5. Breyting á ákvæðum samningsdraga Faxaflóahafna sf. og Reykjavíkurborgar vegna sölu á landi í Sævarhöfða 33. Drög að kaupsamningi ásamt minnisblaði borgarlögmanns dags. 6.12.2017.
Hafnarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi breytingu á samningnum. HH situr hjá við afgreiðslu málsins.
6. Lífeyrisauki - greiðsla vegna viðbótarframlags til Lífeyrissjóðsins Brúar.
Hafnarstjóri gerði grein fyrir stöðu málsins.

7. Erindi Byggðasafnsins að Görðum um styrk - ný grunnsýning.
Byggðasafnið í Görðum Akranesi vinnur að nýrri grunnsýningu safnsins en núverandi grunnsýning hefur að mestu leyti staðið óbreytt frá opnun sýningarinnar í núverandi húsnæði árið 1974. Útgerðarsaga verður sem fyrr fyrirferðamikil í nýrri grunnsýningu. Meðal veigameiri efnisþátta sýningarinnar verður að leggja aukna áherslu á svæðisbundna útgerðarsögu Akraness og Hvalfjarðarsveitar m.a. með þrívíddarlíkani af kúttur Sigurfara, hljóðleiðsögn, sýningu á gömlum kvikmyndum og ljósmyndum. Með verkefninu er ætlunin að bæta þekkingu nýrra kynslóða á arfleifð eldri kynslóða og jafnframt að gefa innlendum sem erlendum gestum innsýn í sérstöðu svæðisins.
Akraneshöfn og Grundartangahöfn, nú hluti Faxaflóahafna, hafa söguleg og sterk tengsl við útgerðarsögu svæðisins. Í tilefni af vinnu við nýja grunnsýningu safnsins samþykkir stjórn Faxaflóahafna sf. að styrkja safnið um 2,5 m.kr.
8. Skipulagsmál:
- Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Austurhafnar þar sem gert er ráð fyrir byggingarreit undir spennistöð á Faxagarði.
Hafnarstjórn samþykkir tillöguna og felur skipulagsfulltrúa að senda hana umhverfis- og skipulagsráði Reykjavíkur til formlegrar meðferðar.
 - Erindi Landberg ehf., dags. 4.12.2017 um stækkun lóðar að Köllunarklettsvegi 2 þar sem óskað er eftir stækkun á vörugeymslu vegna aukinna umsvifa.
Hafnarstjórn tekur jákvætt í erindið en óskar eftir nánari skilgreiningu á stækkun lóðar, aðkomum og frágangi við aðliggjandi lóð.
 - Erindi Reykjavík Sightseeing Invest ehf. vegna Fiskislóðar 16 þar sem óskað er eftir aðrein vegna fólksflutningabifreiða skv. meðfylgjandi afstöðumynd. Minnisblað skipulagsfulltrúa dags. 5.12.2017.
Hafnarstjórn getur ekki orðið við erindinu.
9. Akraneshöfn - starfsemi fiskmarkaðar og fasteignamál.
Hafnarstjóri gerði grein fyrir stöðu mála.
10. Undirbúningur og framkvæmd viðhaldsdýpkunar og annarra dýpkunarverkefna.
Minnisblað aðstoðarhafnarstjóra dags. 29.11.2017.
Lagt fram. Samþykkt að senda minnisblaðið Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
11. Afrit bréfs samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis til Reykjavíkurborgar dags. 10.11.2017 varðandi aðkomu ráðherra að viðræðum Reykjavíkurborgar og Vegagerðar varðandi Sundabraut.
Lagt fram.
12. Forkaupsréttarmál
- Erindi dags. 4. desember 2017, varðandi beiðni um að fallið verði frá forkaupsrétti að eignarhluta að Fiskislóð 45 fastanr. 228-4618 og 228-

4612. Kaupandi GAGF ehf. kt. 711207-1390. Seljandi Apótek Vesturlands ehf. kt. 510806-0850.

- b. Erindi dags. 5. desember 2017, varðandi beiðni um að fallið verði frá forkaupsrétti að eignarluta að Fiskislóð 45 fastanr. 339-6858. Kaupandi Tröllaferðir ehf. kt. 430316-1760. Seljandi 1977 ehf. kt. 421111-0810.

Hafnarstjórn staðfestir að fallið er frá forkaupsrétti eignanna enda sé starfsemi innan skilmála deiliskipulags og lóðarleigusamninga.

Fleira ekki gert
Fundir slitið kl. 10:20

Kristín Sjöfn
Sig. Björna Þórunn
Ragnheiður
Pórtinus Agústsson
Ingridur Valdimarsdóttir
~~Ást Þorvaldsson~~
Ragnheiður
Jon Þorvaldsson
Ponkinn Friðbjörnsson
Björgun Helga
Einar Þorvaldsson
Þorvaldsson
Friðbjörnsson



Afbrotatölfræði

nóvember 2017



Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Samantekt

Aðferð

Í skýrslu þessari eru teknar saman mánaðarlega lykiltölur embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Einungis er um bráðabirgðatölur að ræða. Fjöldinn getur breyst með brotum sem kærð eru seint og því verið frábrugðinn endanlegum tölum.



Hér að neðan er fjöldi afbrota í nóvember borinn saman við meðalfjölda brota síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan út frá staðalfrávikum. Með því að reikna staðalfrávik er hægt að áætla neðri og efri mörk brota síðastliðna sex og 12 mánuði á undan sem nýtast til þess að leggja mat á hve marktækar breytingarnar í nóvember eru miðað þessi mörk.

	Október 2017	Nóvember 2017	Staða breytinga m.v. 6 mán.	Staða breytinga m.v. 12 mán.
Hegningarlagabrot	847	734	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður	383	353	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður - innbrot	88	102	Mikil fjölgun	Fjölgar
Manndráp og líkamsmeiðingar	105	119	Fjölgar	Fjölgar
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	6	5	Innan marka	Innan marka
Kynferðisbrot	27	22	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	4	1	Mikil fækkun	Fækkar
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	112	96	Fækkar	Fækkar
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	42	20	Innan marka	Innan marka
Fíkniefni	128	122	Innan marka	Innan marka
Umferðarlagabrot	938	833	Fækkar	Innan marka
Aktur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	137	140	Innan marka	Innan marka
Ölvun við akstur	107	89	Innan marka	Innan marka
Innbrot á heimili	37	45	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun



Hegningarlagabrot

- Skráðar voru 734 tilkynningar um hegningarlagabrot í nóvembermánuði. Eru það færri tilkynningar en bárust í nóvember.
- Skráð hegningarlagabrot eru innan marka í nóvember miðað við útreiknuð mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði.
- Það sem af er ári hafa borist um fjögur prósent fleiri tilkynningar um hegningarlagabrot en að meðaltali sl. þrjú ár á undan.





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



Þjófnaðir

- Skráð voru 353 tilkynningar um þjófnað í nóvember. Tilkynntum þjófnuðum fækkaði miðað við október.
- Fjöldi tilkyntra þjófnaða voru innan útreiknaðra marka fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánaða á undan.
- Tilkynningum um fækkaði um allar tegundir þjófnaða, nema tilkynningum um innbrot og þjófnaði sem flokkast undir annað.
- Það sem af er ári hefur tilkynningum um þjófnaði fækkað um eitt prósent samanborið við meðalfjölda síðustu þriggja ára á undan.





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



Innbrot

- Í nóvember bárust 102 tilkynningar um innbrot til lögreglu. Tilkynntum brotum hefur fjölgað í hverjum mánuði frá því ágúst.
- Ekki hafa borist jafn margar tilkynningar um innbrot í einum mánuði frá því í apríl á síðasta ári.
- Fjöldi tilkynninga um innbrot fjölgaði miðað við útreiknuð efri mörk fyrir síðustu sex mánuði á undan.
- Á milli mánaða fjölgaði innbrotum inn á heimili og í fyrirtæki, stofnanir og verslanir.
- Það sem af er ári hefur tilkynningum um innbrot fækkað um sex prósent samanborið við meðaltal síðustu þriggja ára á undan.

Fjöldi brota





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Ofbeldisbrot

- Í nóvember bárust 119 tilkynningar um ofbeldisbrot. Tilkynningum fjölgaði á milli mánaða.
- Skráðum ofbeldisbrotum fjölgaði miðað við útreiknuð efri mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa 15 prósent fleiri tilkynningar um ofbeldisbrot borist lögreglu samanborið við meðaltal fyrir sama tímabil síðustu þriggja ára á undan.



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



Ofbeldi gagnvart lögreglumanni


Ofbeldi gagnvart lögreglumanni

- Í nóvember voru skráð fimm tilvik þar sem lögreglumaður var beittur ofbeldi.
- Það sem af er ári hafa verið skráð um tvö prósent fleiri tilvik þar sem lögreglumaður var beittur ofbeldi og að meðaltali síðustu þrjú ára á undan.


Hótun um ofbeldi gagnvart lögreglumanni

- Í nóvember voru skráð þrjú tilvik þar sem lögreglumanni var hótað ofbeldi.
- Það sem af er ári hafa verið skráð um 19 prósent fleiri tilvik en að meðaltali síðustu þrjú ára áður.


Ofbeldi gagnvart lögreglumanni



Hótun um ofbeldi gagnvart lögreglumanni



Hótun um ofbeldi gagnvart lögreglumanni



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.




Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu


Kynferðisbrot—dags. brots

- Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu bárust 22 tilkynningar um kynferðisbrot sem áttu sér stað í nóvember.
- Fjöldi tilkynninga um kynferðisbrot í nóvember voru innan útreiknaðra marka fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Tilkynningar um kynferðisbrot voru um 12 prósent fleiri samanborið við meðalfjölda fyrir sama tímabil árin 2014 til 2016.

Hér er fyrir neðan er fjöldi kynferðisbrota sem áttu sér stað í hverjum mánuði fyrir sig á tímabilinu.



Kynferðisbrot	Nóvember 2017	Meðalt.	Mörk Neðri	Efri	Breyting frá meðalt.	Staða breytinga
					+/-	%
6 mánaða meðaltal	22	23	20	26	-1	-5%
12 mánaða meðaltal	22	20	16	25	2	10%
						Innan marka
						Innan marka




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.




Kynferðisbrot—dags. tilkynnt

- Tilkynnt var um 32 kynferðisbrot í nóvember.
- Fjöldi tilkynninga um kynferðisbrot fjölgaði í nóvember samborið við útreiknuð efri mörk fyrir síðustu sex mánuði á undan.
- Tilkynntum kynferðisbrotum hefur fjölgað um 21 prósent miðað við meðaltal fyrir sama tímabil síðustu þriggja ára á undan.

Hér er fyrir neðan er fjöldi kynferðisbrota sem voru tilkynnt í hverjum mánuði fyrir sig, burt séð frá því hvenær brotið átti sér stað.



Kynferðisbrot	Nóvember 2017	Meðalt.	Mörk	Breyting frá meðalt.	Staða breytinga
6 mánaða meðaltal	32	28	24	4	Fjölgar
12 mánaða meðaltal	32	27	20	5	Innan marka




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.




Heimilisofbeldi

- Alls bárust 66 tilkynningar um heimilisofbeldi í nóvember.
- Fjöldi tilkynninga um heimilisofbeldi í nóvember voru innan útreiknaðra marka miðað við fjölda síðustu sex og síðustu 12 mánaða á undan.
- Tilkynningum um heimilisofbeldisbrot hefur fjölgað um 37 prósent það sem af er ári miðað við meðaltal síðustu þriggja ára á undan.



Heimilisofbeldi	Nóvember 2017	Mörk Neðri	Mörk Efri	Breyting frá meðalt. +/- %	Staða breytinga
6 mánaða meðaltal	66	53	67	6	Innan marka
12 mánaða meðaltal	66	48	69	8	Innan marka




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.




Leit að týndum ungmennum

- Alls bárust 11 beiðnir um leit að týndum börnum og ungmennum í nóvember.
- Beiðnum um leitir í nóvember voru innan útreiknaðra marka fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa borist 38 prósent fleiri leitarbeiðnir en bárust að meðaltali síðustu tvö ár á undan.



Leitarbeiðnir	Nóvember 2017	Miðlað. Meðalt.	Mörk Neðri	Mörk Efri	Breyting frá meðalt. +/- %	Staða breytinga
6 mánaða meðaltal	20	22	16	27	-2	Innan marka
12 mánaða meðaltal	20	22	16	28	-2	Innan marka





Fjöldi verkefna það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



Eignaspjöll

- Í nóvember voru skráðar 97 tilkynningar um eignaspjöll.
- Tilkynningum fækkaði í nóvember miðað við útreiknuð neðri mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Á milli mánaða fjölgaði tilkynningum um veggjakrot.
- Það sem af er ári hafa borist níu prósent fleiri tilkynningar um eignaspjöll samanborið við meðalfjölda síðustu þriggja ára á undan.



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.


Eignaspjöll	Nóvember 2017		Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga	
	Meðalt.	Neðri	Efri	+/-	%			
6 mánaða meðaltal	124	111	138	-27	-22%	Fækkar		
12 mánaða meðaltal	116	101	132	-19	-17%	Fækkar		




Nytjastuldur ökutækja

- Skráð voru 20 tilkynningar um nytjastuld á vélknúnum farartækjum í nóvember.
- Fjöldi tilkynninga um nytjastuldi í nóvember voru innan útreiknaðra marka fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánaða á undan.
- Það sem af er ári hafa borist um álíka jafn margar tilkynningar um nytjastuldi og að meðaltali síðustu þrjú ára á undan.

Fjöldi 3 mánaða meðaltal 12 mánaða meðaltal



Fjöldi 3 ára meðaltal





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



Fíkniefnabrot

- Í nóvember voru skráð 126 fíkniefnabrot á höfuðborgarsvæðinu. Skráðum brotum fækkaði á milli mánaða.
- Skráð fíkniefnabrot voru innan útreiknaðra marka fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Skráð voru fjögur stórfelld fíkniefnabrot í nóvember.*
- Það sem af er ári hafa verið skráð um sjö prósent fleiri fíkniefnabrot en að meðaltali fyrir sama tímabil síðustu þrjú ár á undan.





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Fíkniefni	Nóvember 2017	Mörk Meðalt.	Mörk Neðri	Mörk Efri	Breyting frá meðalt.	Staða breytinga
					+/- %	
6 mánaða meðaltal	122	143	119	167	-21	-15%
12 mánaða meðaltal	122	129	104	154	-7	-5%



Umferðarlagabrot

- Skráð voru 833 umferðarlagabrot* í nóvember. Skráðum umferðarlagabrotum fækkaði á milli mánaða.
- Skráðum umferðarlagabrotum fækkaði í nóvember miðað við útreiknuð neðri mörk fyrir síðustu sex mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa verið skráð um 23 prósent fleiri umferðarlagabrot samanborið við meðalfjölda fyrir sama tímabili síðustu þriggja ára á undan.



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Umferðarlagabrot	Nóvember 2017	Mörk	Breyting frá	Staða breytinga
		Neðri	+/-	%
6 mánaða meðaltal	833	856	-191	-19%
12 mánaða meðaltal	833	733	-89	-10%
				Fækkar
				Innan marka




Akstur undir áhrifum

Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna


- Skráð voru 140 brot þar sem ökumaður var grunaður um akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna í nóvember.
- Skráð brot voru innan útreiknaðra marka fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Brotum hefur fjölgað um 65 prósent það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára.

Ölvun við akstur

- Í nóvember voru skráð 89 brot þar sem ökumaður var grunaður um ölvun við akstur.
- Skráð brot voru innan útreiknaðra marka fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Brotum hefur fjölgað um 38 prósent samanborið meðalfjölda fyrir sama tímabili síðustu þriggja ára á undan.



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



Þróun á löggæslusvæði 1

- Hér er fjöldi afbrota í nóvember borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjú mánuði á svæði lögreglustöðvar 1, sem nær yfir Miðborg, Vesturbæ, Seltjarnarnes, Háaleiti, Hlíðar og Laugardal.

	Október 2017	Nóvember 2017	Staða breytinga m.v. 6 mán.	Staða breytinga m.v. 12 mán.
Hegningarlagabrot	428	344	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður	219	165	Fækkar	Innan marka
Þjófnaður - innbrot	45	37	Innan marka	Innan marka
Manndráp og líkamsmeiðingar	47	67	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	3	3	Innan marka	Innan marka
Kynferðisbrot	10	10	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	2	0	Mikil fækkun	Fækkar
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	53	46	Innan marka	Innan marka
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	19	10	Innan marka	Innan marka
Fíkniefni	50	53	Innan marka	Innan marka
Umferðarlagabrot *	353	326	Innan marka	Innan marka
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	55	49	Innan marka	Innan marka
Ölvun við akstur	51	37	Innan marka	Innan marka
Innbrot á heimili	19	14	Innan marka	Innan marka
Slys	19	15	Innan marka	Innan marka

* Fjöldi umferðarlagabrota að hraðamyndavélum undanskildum.



Þróun á löggæslusvæði 2

- Hér er fjöldi afbrota í nóvember borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjá mánuði á svæði lögreglustöðvar 2, sem nær yfir Hafnarfjörð, Garðabæ og Álftanes.

	Október 2017	Nóvember 2017	Staða breytinga m.v. 6 mánuði	Staða breytinga m.v. 12 mánuði
Hegningarlagabrot	92	108	Mikil fjölgun	Fjölgar
Þjófnaður	26	56	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Þjófnaður - innbrot	4	10	Fjölgar	Innan marka
Mannráp og líkamsmeiðingar	18	18	Fjölgar	Fjölgar
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	1	0	Innan marka	Innan marka
Kynferðisbrot	2	0	Fækkar	Mikil fækkun
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	1	0	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	19	12	Mikil fækkun	Innan marka
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	3	3	Fækkar	Innan marka
Fíkniefni	17	18	Innan marka	Innan marka
Umferðarlagabrot *	157	124	Fækkar	Fækkar
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	18	17	Innan marka	Innan marka
Ölvun við akstur	15	16	Innan marka	Innan marka
Innbrot á heimili	2	5	Mikil fjölgun	Fjölgar
Slys	12	9	Innan marka	Innan marka

* Fjöldi umferðarlagabrota að hraðamyndavélum undanskildum.



Þróun á löggæslusvæði 3

- Hér er fjöldi afbrota í nóvember borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjú mánuði á svæði lögreglustöðvar 3, sem nær yfir Breiðholt og Kópavog.

	Október		Nóvember		Staða breytinga	
	2017	2017	m.v. 6 mánuði	m.v. 12 mánuði	Staða breytinga	m.v. 12 mánuði
Hegningarlagabrot	179	162	Innan marka	Innan marka	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður	80	74	Innan marka	Innan marka	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður - innbrot	13	34	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Manndráp og líkamsmeiðingar	20	22	Innan marka	Innan marka	Innan marka	Innan marka
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	2	2	Innan marka	Innan marka	Innan marka	Innan marka
Kynferðisbrot	3	7	Mikil fjölgun	Fjölgar	Fjölgar	Fjölgar
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	0	1	Innan marka	Innan marka	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	22	23	Innan marka	Innan marka	Innan marka	Innan marka
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	12	4	Innan marka	Innan marka	Innan marka	Innan marka
Fíkniefni	31	34	Innan marka	Fjölgar	Fjölgar	Fjölgar
Umferðarlagabrot *	203	192	Innan marka	Innan marka	Innan marka	Innan marka
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	31	44	Fjölgar	Fjölgar	Fjölgar	Fjölgar
Ölvun við akstur	20	24	Innan marka	Fjölgar	Fjölgar	Fjölgar
Innbrot á heimili	5	16	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Slys	9	9	Innan marka	Innan marka	Innan marka	Innan marka

* Fjöldi umferðarlagabrota að hraðamyndavélum undanskildum.



Þróun á löggæslusvæði 4

- Hér er fjöldi afbrota í nóvember borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjú mánuði á svæði lögreglustöðvar 4, sem nær yfir Árbæ, Grafarvog, Grafarholt, Mosfellsbæ, Kjalarnes og Kjósarhrepp.

	Oktober		Nóvember		Staða breytinga		Staða breytinga	
	2017	2017	2017	2017	m.v. 6 mánuði	m.v. 12 mánuði	m.v. 6 mánuði	m.v. 12 mánuði
Hegningarlagabrot	128	93	Fækkar	Innan marka				
þjófnaður	54	47	Innan marka	Innan marka				
þjófnaður - innbrot	25	21	Fjölgar	Fjölgar				
Manndráp og líkamsmeiðingar	20	12	Fækkar	Fækkar				
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	0	0	Fækkar	Innan marka				
Kynferðisbrot	7	3	Innan marka	Innan marka				
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	1	0	Fækkar	Fækkar				
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	17	14	Mikil fækkun	Fækkar				
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	7	3	Fækkar	Innan marka				
Fíkniefni	28	16	Mikil fækkun	Mikil fækkun				
Umferðarlagabrot *	218	185	Fækkar	Innan marka				
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	32	30	Innan marka	Fjölgar				
Ölvun við akstur	20	11	Innan marka	Innan marka				
Innbrot á heimili	10	7	Innan marka	Innan marka				
Slys	5	7	Innan marka	Innan marka				

* Fjöldi umferðarlagabrota að hraðamyndavélum undanskildum.





Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Reykjavíkurborg

Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Kópavogur, 12. desember 2017
1606002 SB

Efni: Vaxtamörk innan Mosfellsbæjar, breytingar á svæðisskipulagi - Verkefnislýsing

Hjálagt er verkefnislýsing vegna breytingar á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040.

Verkefnislýsing fjallar um útvíkkun á vaxtamörkum við Hólmsheiði til samræmis við breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 um nýtt athafnasvæði við Sólheimakot á Hólmsheiði þar sem heimilt verði að byggja upp og þróa græna, orkufreka starfsemi, eins og gagnaver.

Í samræmi við 1. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er óskað umsagnar á meðfylgjandi skipulagslýsingu. Æskilegt er að umsagnir berist fyrir 16. janúar 2018, bréfleiðis til skrifstofu SSH, Hamraborg 9, 200 Kópavogur eða á netfangið ssh@ssh.is.

Virðingarfyllst,

Hrafnkell Á. Proppé
Svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins



SVÆÐISSKIPULAGIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ 2040

Breytt afmörkun vaxtarmarka atvinnusvæðis á Hólmsheiði

- Græn orkufrek atvinnustarfsemi í landi Sólheimakots



Verklýsing vegna breytinga á svæðisskipulagi
Lögð fram sbr. 1. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Ágúst 2017

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Forsendur	3
3	Lýsing skipulagsverkefnis	4
3.1	Markmið	4
3.2	Efni breytingartillögu	4
4	Tengsl við aðrar áætlanir	6
4.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026	6
4.2	Svæðisskipulagið Höfuðborgarsvæðið 2040	7
4.3	Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2011-2030	7
4.4	Samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla	7
5	Matslýsing	7
5.1	Umhverfi og aðstæður á skipulagssvæðinu	7
5.2	Umhverfisþættir og áhrifaþættir	8
5.3	Mat á vægi áhrifa	9
6	Samráð og kynning	9
6.1	Umsagnaraðilar	9
6.2	Tímasetningar	9

1 Inngangur

Í svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040, sem staðfest var þann 29. júní 2015, eru skilgreind vaxtarmörk sem draga skýr skil milli þéttbýlis og dreifbýlis. Mörkuð er stefna um að öll uppbygging þéttbýlis skuli eiga sér stað innan vaxtarmarka, en utan þeirra verði t.d. vatnsverndarsvæði og önnur verndarsvæði, stærri útivistarsvæði, landbúnaður, frístundabyggð, óbyggð svæði og annað sem tilheyrir dreifbýli. Vaxtarmörkin liggja við jaðar núverandi borgarbyggðar auk svæða sem skilgreind eru fyrir uppbyggingu í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaganna.

Á Hólmsheiði, utan megin borgarbyggðarinnar, er skilgreint stakt atvinnusvæði þar sem er tengivirki Landsnets á Geithálsi, fangelsið á Hólmsheiði og athafnasvæði, sbr. Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. Um atvinnusvæðið á Hólmsheiði eru dregin vaxtarmörk í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.

Fyrirhugað er að vinna tillögu að breytingu á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040 sem felst í stækkun atvinnusvæðisins á Hólmsheiði og færslu vaxtarmarkanna til austurs við Sólheimakot innan Mosfellsbæjar þannig að rými verði fyrir uppbyggingu og þróun orkufrekrar en lítt mengandi starfsemi, eins og gagnavera. Samhliða verður unnin samsvarandi tillaga að breytingu Aðalskipulags Mosfellsbæjar 2011-2030 þar sem landnotkun verður breytt, athafnasvæði skilgreint og mörkuð stefna um umfang og eðli starfsemi innan þess, yfirbragð og aðrar forsendur fyrir gerð deiliskipulags.


Lýsing þessi er unnin í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Gerð er grein fyrir viðfangsefni breytingarinnar og helstu forsendum hennar, áherslum sem lagðar verða til í skipulagsvinnunni og umhverfismati tillögunnar og hvernig staðið verður að samráði og kynningu á tillögunni.

2 Forsendur

Í sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins er m.a. horft til tækifæra til uppbyggingar gagnavera og höfuðborgarsvæðið kynnt sem góður staðarvalskostur gagnvart erlendum fjárfestum (Samkeppnishæfni höfuðborgarsvæðisins gagnvart erlendum fjárfestum. Samantekt. 2013).

Greining á stærri athafnasvæðum í gildandi aðalskipulagsáætlunum, hefur leitt í ljós að aðeins 2-3 athafnasvæði henta vel til uppbyggingar gagnavera á höfuðborgarsvæðinu. Græn og orkufrek starfsemi eins og gagnaver þarf örugga tengingu við raforkuferfið, landrými til að þróast í áföngum til næstu áratuga, hæfilega fjarlægð frá íbúðabyggð til að fyrirbyggja hagsmunaárekstra en jafnframt nálægð við mannaúð og þjónustu.

Mosfellsbær hefur farið yfir valkosti um staðsetningu slíkrar starfsemi og telur svæðið við Sólheimakot norðan Suðurlandsveggar ákjósanlegast með hliðsjón af innviðum og staðháttum. Þar skiptir miklu nægilegt landrými, tengimöguleikar við flutningskerfi Landsnets, þ.e. núverandi tengivirki við Geitháls og fyrirhugað tengivirki við Sandskeið og nálægð við stofnvegakerfið. Það er jafnframt stefna Mosfellsbæjar í aðalskipulagi að leitast við að sinna þörfum ólíkra atvinnugreina og að bregðast við tækifærum og þróunarmöguleikum til atvinnuuppbyggingar sem kunna að bjóðast.



Mynd 1 Svæðið er í grennd við línur og tengivirki Landsnets.

3 Lýsing skipulagsverkefnis

3.1 Markmið

Markmið breytingartillögunnar er að auka við framboð svæða á höfuðborgarsvæðinu sem henta sérstaklega fyrir græna, orku- og landfreka starfsemi eins og rekstur gagnavera. Með breytingartillögunni bætist svæðið Sólheimakot í hóp svæða sem henta til uppbyggingar gagnavera á höfuðborgarsvæðinu.

Við Sólheimakot er mögulegt að bjóða upp á stórt svæði til uppbyggingar á næstu áratugum, þar sem hægt er að afmarka stórar lóðir undir græna orkufreka atvinnustarfsemi og gefa slíkri starfsemi nægilegt svigrúm til vaxtar og þróunar.

3.2 Efni breytingartillögu


Í svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040 eru dregin þéttbýlismörk um stakt svæði á Hólmsheiði þar sem er tengivirkið við Geitháls, fangelsi og gert ráð fyrir athafnasvæði samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030. Vaxtarmörk svæðisins liggja að Hafravatnsvegi (nr. 431). Sólheimakot er utan vaxtarmarkanna, austan Hafravatnsvegar og norðan Suðurlandsvegur (Hringvegur) og er skilgreint dreifbýli og öryggissvæði vatnsverndar, þar sem gilda sérstakar reglur um framkvæmdir og rekstur (sbr. vatnsverndarsamþykkt nr. 555/2015 og fylgirit 2 með Höfuðborgarsvæðið 2040)

Til að heimila uppbyggingu á svæðinu við Sólheimakot þarf að breyta svæðisskipulaginu og færa vaxtarmörkin lengra til austurs. Ný vaxtarmörk verða skilgreind við vinnslu breytingartillögu og afmörkuð á þemakort svæðisskipulagsins með hliðsjón af aðstæðum, núverandi landnotkun og þáttum sem takmarka landnotkun, svo sem vatnsvernd. Í fyrirhugaðri breytingartillögu verður mörkuð skýr stefna um að á svæðinu verði einungis heimil græn, orkufrek starfsemi sem fellur vel að aðstæðum og innviðum við Sólheimakot, en að þar byggist ekki upp almenn iðnaðar- og atvinnustarfsemi.


Svæðið sem gert er ráð fyrir að verði innan vaxtarmarka eftir breytinguna er í gildandi svæðisskipulagi á skilgreindu svæði græna trefilsins svokallaða, sem er sameiginlegt og

samfellt útivistarsvæði við efri jaðar borgarbyggðarinnar. Gert er ráð fyrir að sú skilgreining falli út fyrir fyrir það svæði sem eftir breytingu verður innan vaxtarmarka.


Lagt er til að vaxtarmörk Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2015-2040 verði endurskoðuð og færð til austurs innan svæðisins sem merkt er með rauðum ramma á myndum 2 og 3. Gerð verður grein fyrir breyttri afmörkun vaxtarsvæðis í breytingartillögu svæðisskipulags.



Mynd 2 Sýnir kort 11 úr gildandi svæðisskipulagi fyrir meginrætti landnotkunar. Rauði ramminn sýnir svæði þar sem breytt afmörkun er fyrirhuguð.



Mynd 3 Kort 2 í gildandi svæðisskipulagi. Kjarnar og vaxtarmörk. Rauði ramminn sýnir svæði þar sem fyrirhugað er að færa út vaxtarmörk. Afmörkunin verður útfærð í svæðisskipulagsbreytingunni.



Mynd 5 Kort 10 í gildandi svæðisskipulagi. Vatnsverndarsvæði. Breytingarsvæðið verður norðan Suðurlandsvegur og vaxtarmörkin munu taka mið af annarri landnotkun og vatnsvernd, þ.e. brunnsvæði við Fossaklif og fjarsvæði þess.

Breytingarsvæðið er í svæðisskipulaginu jafnframt skilgreint öryggissvæði vatnsverndar. Öryggissvæði eru utan aðrennissvæða grunnvatns til vatnsbóla og liggja eftir jöðrum brunn-, grann- og fjarsvæða vatnsverndar. Þau eru skilgreind á svæðum þar sem mengun er talin mögulega geta borist af yfirborði með írennslu til grunnvatns og dreifst með grunnvatnsstraumum til vatnsbóla. Gæta þarf viðunandi öryggis við ákvörðun um nýtingu svæðis sem og hönnun og gerð mannvirkja og mengunarvarna, sbr. samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla nr. 555/2015. Starfsemi og framkvæmdir innan öryggissvæða eru háðar leyfi heilbrigðisnefndar að undangengnu hættumati sbr. 56. gr. vatnsverndarsamþykktar. Gerð verður grein fyrir áhrifum breytingartillögu á vatn með tilliti til vatnsverndar í umhverfisskýrslu breytingartillögu.

Unnið verður hættumat skv. 56. gr. vatnsverndarsamþykktar samhliða breytingartillögu Aðalskipulags Mosfellsbæjar 2011-2030 og hliðsjón höfð af því við umhverfismat tillögunnar.

Með breytingartillögu á vaxtarmörkum er eingöngu verið að stækka atvinnusvæði í nágrenni núverandi marka. Í breytingartillögu verður ennfremur mörkuð skýr stefna um að svæðið sé til þróunar grænnar, orkufrekarar starfsemi. Ekki er verið að breyta mörkum meginbyggðar höfuðborgarsvæðisins, þ.e. þéttbýlisins.

4 Tengsl við aðrar áætlanir

Við vinnslu breytingartillögu verður einkum horft til stefnu og markmiða í Landsskipulagsstefnu 2015-2026, Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, Höfuðborgarsvæðið 2040, Aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 og vatnsverndarsamþykkt. Tekið verður mið af þessum áætlunum við mótun breytingartillögu og umhverfismat hennar.

4.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Breyting þessi er til þess fallin að auka samkeppnishæfni höfuðborgarsvæðisins með því að skapa grundvöll fyrir atvinnuuppbyggingu og sérhæfða þjónustu og samrýmist vel markmiði landsskipulagsstefnu um samkeppnishæf samfélög og atvinnulíf. Breytingin

felur í sér að ráðstafa landi undir sérhæfða, orku- og rýmisfreka starfsemi við Sólheima sem ekki fellur að blandaðri byggð eða íbúðarbyggð. Með breytingunni er ekki verið að heimila þróun blandaðrar byggðar utan núverandi vaxtarmarka. Breytingin er að því leyti ekki í ósamræmi við markmið landskipulags um sjálfbært skipulag þéttbýlis og þróun þéttar, samfelldrar byggðar.

4.2 Svæðisskipulagið Höfuðborgarsvæðið 2040

Breytingartillagan samræmist markmiðum svæðisskipulags um betri nýtingu á núverandi grunnkerfum veitna. Fyrirhugað atvinnusvæði er í nálægð við tengivirkið Geithálsi og fyrirhugað tengivirki við Sandskeið sem eykur afhendingaröryggi og dregur úr umfangi orkuflutningskerfisins.

Svæðisskipulag markar stefnu um uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar og gerir ráð fyrir öflugum innviðum. Breytingartillagan styður við þessa stefnu þar sem fyrirhugað er að byggja upp orkufreka starfsemi, s.s. gagnaver, sem eflir innviði og uppbyggingu atvinnulífs og fjölbreytni þess. Í sóknaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið er lögð áhersla á að laða að höfuðborgarsvæðinu margskonar iðnað sem er orkuháður og byggir á nýsköpun. Í því samhengi er m.a. horft er til uppbyggingar gagnavera, sem eru mikilvægur hluti innviða samtímans.

Svæðið sem breytingin tekur til er innan græna trefilsins, útivistarsvæðisins sem umlykur höfuðborgarsvæðið, skv. svæðisskipulagi. Innan breytingarsvæðisins er þó ekki umfangmikil skógrækt.

4.3 Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2011-2030

Mosfellsbær leggur áherslu á fjölbreytt og öflugt atvinnulíf í sátt við umhverfið og í samhengi við sérstöðu bæjarins. Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir fjölbreyttu og nægu framboði atvinnusvæða. Aðalskipulag Mosfellsbæjar setur markmið um að fjölga atvinnusvæðum og efla þjónustu. Breyting þessi styður vel við þau markmið.

Sákvæmt Aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 er svæðið skilgreint sem óbyggt svæði, frístundabyggð (frístundahús eru á svæðinu frá fyrri tíð, en ekki er stefnt að fjölgun frístundahúsa) og vatnsverndarsvæði - fjarsvæði. Unnin verður að tillaga að breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar samhliða breytingu á svæðisskipulagi, þar sem landnotkun verður breytt, athafnasvæði skilgreint og sett stefna um umfang og eðli starfsemi innan þess, yfirbragð og aðrar forsendur fyrir gerð deiliskipulags og gerð grein fyrir hættumati vegna vatnsverndar.

4.4 Samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla

Svæðið sem breytingin tekur til er skilgreint öryggissvæði vatnsverndar og þar gilda sérstakar varúðarreglur um mannvirkjagerð og umgengi samkvæmt samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla. Breytingartillagan felur í sér mannvirkjagerð, en heimilar ekki mengandi atvinnustarfsemi. Heilbrigðisnefnd þarf að samþykkja hættumat sem tekur til framkvæmda og rekstrar áður en gefin eru út leyfi til framkvæmda og rekstrar innan svæðisins sbr. 56. gr. samþykktar um verndarsvæði vatnsbóla. Lagt verður mat á áhrif breytingartillögunnar á vatn með hliðsjón af verndarmarkmiðum stjórnvalda, sbr. samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar skv. reglugerð um neyslumatn nr. 536/2001.

5 Matslýsing

5.1 Umhverfi og aðstæður á skipulagssvæðinu

Náttúra og útivist

Gróðurfar er einkennist af mólendi og melum, en sunnan við Sólheimatjörn er votlendi og á svæði kringum lækinn Gudduós eru framræst tún. Alaskalúpina er nokkuð útbreidd á svæðinu (Vistgerðakort NÍ, 2017). Skógrækt er á svæðinu lítil og að mestu innan frístundabyggðar eða á stökum frístundahúsalóða. Í Aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 er merktur aðalútivistarstígur milli Hólmsár og Sólheima og reiðstígur meðfram Sandskeiðslínu 2. Áhrif breytingarinnar á útivist verða metin í umhverfismati tillögunnar.

Flutningskerfi raforku og vegakerfi

Svæðið er í grennd við tengivirknið Geitháls og dreifikerfi Landsnets og jafnframt nærri fyrirhuguðu tengivirki við Sandskeið. Aðgengi að raforku er því gott fyrir orkufreka starfsemi eins og gagnaver og framkvæmdin krefst lágmarks uppbyggingar á raforkukerfinu, þ.e. línulagna. Svæðið liggur að Suðurlandsvegi og Hafravatnsvegi

Vaxtamörk svæðisskipulags

Svæðið er staðsett rétt fyrir utan vaxtamörk sem sett eru fram í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2015-2040. Sólheimakot er um 2 km austan við vaxtamörk höfuðborgarsvæðisins (Hafravatnsveg), og athafnasvæði Reykjavíkurborgar (AT4 Hólmsheiði við Suðurlandsveg).

5.2 Umhverfisþættir og áhrifþættir

Breytingartillagan felur í sér að mögulegt verður að byggja upp svæði sem nú er að mestu óbyggt land og strjál frístundabyggð. Ráðstöfun svæðisins undir atvinnuuppbyggingu með tilheyrandi mannvirkjagerð mun því hafa áhrif á landslag og yfirbragð svæðisins, núverandi landnotkun, hljóðvist og hugsanlega vatnsbúskap svæðisins.

Í umhverfismati breytingartillögunnar verður lagt mat á áhrif hennar á umhverfisþætti sem tilgreindir eru töflu 1 hér fyrir neðan.

Umhverfisþáttur	Skýringar
Landslag og ásynd Náttúrulegt landslag	Iðnaðarhúsnæði og uppbygging hefur áhrif á landslag. Byggingar, vegir og tengingar við raforkukerfi og ljósleiðara hafa í för með sér jarðrask.
Vatn Yfirborðs- og grunnvatn	Svæðið er innan öryggissvæðis vatnsverndar. Um 2 km austan Sólheimakots er brunnsvæðið Fossavallarklif, en grunn- og fjarsvæði þess liggja utan fyrirhugaðs breytingarsvæðis.
Menningarminjar	Samkvæmt Aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 eru nokkur merkt bæjarstæði á svæðinu. Gerð verður grein fyrir menningaminjum á svæðinu og áhrifum breytingartillögu á þær.
Náttúruminjar	Votlendi er innan skipulagssvæðisins. Sólheimatjörn, Hólmsá, Gudduós (lækur milli Selvatns og Hólmsár)
Heilsa og öryggi	Orkufrek starfsemi, eins og gagnaver, getur haft neikvæð áhrif á hljóðvist. Öryggi vatnsbóla.
Samfélag Byggð og efnisleg verðmæti Útivist	Framboð og eftirspurn eftir lóðum til atvinnustarfsemi. Tenging við vegakerfi, veitur og innviði. Frístundabyggð er í grennd við svæðið. Göngu- og reiðstígar liggja um svæðið skv. aðalskipulagi.

Tafla 1: Umhverfisþættir til umfjöllunar í umhverfismati breytingartillögu.

5.3 Mat á vægi áhrifa

Við mat á umfangi áhrifa svæðisskipulagsbreytinga á umhverfið er tekið mið af þróun umhverfisþátta án framkvæmda áætlunarinnar, þ.e. þróun umhverfissins miðað við óbreytta stefnu svæðisskipulags. Gerð verður grein fyrir samlegðaráhrifum svæðisskipulagsbreytingar við aðrar áætlanir, ef slíkt á við. Vægi umhverfisáhrifa verða flokkuð í jákvæð og neikvæð áhrif, ásamt því að gerð verður grein fyrir óvissu og tilefni hennar.

Ef talið er betur eiga við að fjalla um tiltekin umhverfisáhrif á síðari stigum áætlanagerðar, þ.e. á aðal- og deiliskipulagsstigi verður gerð grein fyrir því í umhverfisskýrslu breytingartillögunnar.

6 Samráð og kynning

Skipulagslýsingin ásamt tillögu að breytingu á svæðisskipulagi og umhverfisskýrsla verða aðgengileg á skrifstofum og á heimasíðum samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og sveitarfélaganna. Hægt verður að senda skriflegar athugasemdir til samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi skipulagslýsinguna. Athugasemdum sem berast varðandi lýsinguna verður ekki svarað formlega, heldur verður tekin afstaða til þeirra við vinnslu breytingartillögunnar og umhverfismat hennar. Tillaga að breytingu Aðalskipulags Mosfellsbæjar vegna fyrirhugaðs athafnasvæðis við Sólheimakot verður sem fyrr segir unnin og kynnt samhliða svæðisskipulagsbreytingunni. Framkomnar umsagnir og athugasemdir verða því samnýttar við vinnslu og afgreiðslu breytinganna á báðum skipulagsstigunum, eftir því sem við á.

6.1 Umsagnaraðilar

Gert er ráð fyrir að óska umsagna hjá eftirfarandi umsagnaraðilum:

- | | |
|--|--|
| ▶ Skipulagsstofnun | ▶ Umhverfisstofnun |
| ▶ Vegagerðin | ▶ Minjastofnun |
| ▶ Orkuveitan | ▶ Landsnet |
| ▶ Reykjavíkurborg | ▶ Kópavogur |
| ▶ Hafnarfjarðarbær | ▶ Garðabær |
| ▶ Seltjarnarnesbær | ▶ Kjósarhreppur |
| ▶ Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur | ▶ Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis |
| ▶ Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis | ▶ Framkvæmdastjórn vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu |

6.2 Tímasetningar

Gert er ráð fyrir að helstu áfangar í skipulagsferlinu verði eftirfarandi:

- | | |
|------------------|---|
| ▶ Okt. 2017 | Kynning á lýsingu verkefnisins |
| ▶ Nóv.-des. 2017 | Kynning á drögum að svæðisskipulagsbreytingu |
| ▶ Jan.-feb. 2018 | Tillaga að svæðisskipulagsbreytingu |
| ▶ Mar.-apr. 2018 | Auglýsing á tillögu að svæðisskipulagsbreytingu |
| ▶ Maí-jún. 2018 | Afgreiðsla svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins og staðfesting Skipulagsstofnunar á gildistöku svæðisskipulagsbreytingarinnar. |

BORGARRÁÐ 30. nóvember 2017: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um húsnæði fyrir heimilislauða í Víðinesí - R17110179

Vegna vaxandi vanda samþykkir borgarráð að útbúin verði aðstaða í ónotuðu húsnæði borgarinnar á Víðinesí til að taka á móti heimilislauða fólki og hýsa það. Leitað verði eftir samstarfi við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu um verkefnið.

BORGARRÁÐ 30. nóvember 2017: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úrbætur í þágu heimilissauss fólks - R17110178

Lagt er til að tafarlausar úrbætur verði gerðar í þágu heimilissauss fólks, sem dvelst nú á tjaldstæðinu í Laugardal. 1. Rafmagnskerfi svæðisins verði styrkt og betrubætt en í nýafstöðnu kuldakasti hefur það hvað eftir annað slegið út og haft mikil óþægindi í för með sér. 2. Tryggður verði greiður aðgangur tjaldstæðagesta að salernum allan sólarhringinn. 3. Athugað verði hvort unnt sé að nýta þau smáhýsi sem eru á tjaldstæðinu í þágu heimilissaussa en þau eru nú lokuð.